



Helga Jóhannsdóttir

Eftirminnilegasti kennarinn ætti að fá Óskarinn fyrir leikþætti í færnisetrinu

Nafn: Helga Jóhannsdóttir, nemi á fjórða ári.

Aldur: 25 ára

Hvers vegna valdir þú hjúkrunarfræði?

Ég er mjög mikill hrakfallabálgur og hef þess vegna þurft að heimsækja heilbrigðisstofnanir frá því að ég man eftir mér, auk þess fannst mér búningarnir sem hjúkrunarfræðingarnir voru í svo flottir, það var því ekki aftur snúið, ég ákvað að fara í hjúkrun.

Skemmtilegasta fagið?

Heilsugæsla og samfélagið.

Eitthvað sem hefur komið á óvart í náminu?

Hvað það er virkilega krefjandi en skemmtilegt á sama tíma.

Hvað, ef eitthvað, finnst þér vanta í námið?

Það eru samskiptaáfangar í náminu sem eru gríðarlega mikilvægir. Þeir mættu vera fleiri, eða gera þá stærri. Mér finnst slíkir áfangar gera svo mikið fyrir skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins og þeir hvetja líka til einstaklingsbundinnar hjúkrunar.

Eftirminnilegasti kennarinn?

Þorsteinn Jónsson fær þennan heiður, hann hefur óbilandi trú á öllum nemendum. Einnig ætti hann að fá Óskarinn fyrir leikþætti sína í færnisetrinu.

Önnur menntun, lærdið þú eitthvað annað áður en þú ákvaðst að fara í hjúkrun?

Nei, stefnan hefur alltaf verið á hjúkrun.

Fyrirmyndir í lífinu og/eða hjúkrun?

Ég lifi við þau forréttindi að hafa margar fyrirmyndir í mínu lífi. Foreldrar mínir eru klárlega þær manneskjur sem ég lít hvað mest upp til, bróðir minn hefur líka kennt mér margt. Ömmur mínar eru valkyrjur en önnur þeirra setti Íslandsmet í hástökki 70 ára og eldri um árið, hún er alveg mögnuð manneskja.

Draumastarfið?

Heilsugæsluhjúkrun, forstjóri jafnvel. Veit ekki alveg en ég hef háleit markmið.

Hvað heillar þig mest við hjúkrunarfræði?

Klárlega hvað hjúkrunarfræðin er fjölbreytt, þú getur algjörlega fundið eitthvað við þitt hæfi og getur nánast verið viss um að fá vinnu í hvaða heimshorni sem er.

Mælirðu með þessu námi?

Ég mæli 100% með þessu námi, þetta er fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt nám sem hefur átt sinn þátt í því að móta mig sem einstakling. Það er ekki bara þetta klíniska nám, heldur lærir maður líka mikið í mannlegum samskiptum.

Besta nestið?

Þegar ég gleymi nestinu heima og næli mér í kjúklingasalat í Hámu.

Hvernig slakar þú á eftir erfiðan dag?

Ég á mjög góðan sófa þar sem ég slaka vel á.

Uppáhaldshreyfingin?

Það er síbreytilegt, ég hef gaman af því að fara út að skokka og hlusta þá á gott hlaðvarp í leiðinni. Ég er svo farin að mæta á íshokkíæfingar fyrir byrjendur og það er með því skemmtilegra sem ég hef gert.

Þrjú stærstu afrek þín í lífinu hingað til

Næla mér í algjöran súkkulaðibita af manni og eignast tvær gullfallegar dætur með honum.

Hvað gerir þú fyrir umhverfið?

Flokka rusl, nota fjölbreyttan ferðamata, það er að segja ég nota ekki bílinn þegar áfangastaðurinn er í göngufæri og nota einnig almenningssamgöngur. Ég er mjög meðvitúð um neysluvenjur, fer ekki svöng í búðina og forðast þannig að kaupa of mikið og henda ónýttum mat.

Hvað gleður þig mest?

Fjölskyldustund á föstudegi eftir langa viku, heimgerð pítsa, popp og bíómynd.

Hvað hryggir þig helst?

Þegar þeir sem eru mér nákomnir eiga í erfiðleikum.

Uppáhaldsveitingastaður?

Ég á mér engan upphaldsveitingastað en þegar ég fer heim þarf ég að fá mér brauðstangir með bernaíse-sósu á Greifanum á Akureyri.

Fallegasta borg sem þú hefur heimsótt?

Munich í Þýskalandi fær þann heiður en St. Petersburg hefur sína kosti líka.

Besti bar fyrir hamingjutíma?

Götubarinn á Akureyri er einstaklega kósi.

Dýrmætasti hlutur sem þú átt?

60 ára gamall skápur sem amma mín fékk í fermingargjöf

Ef ekki hjúkrunarfræðingur hvað þá?

Ég kem af mikilli kennaraætt, ætli ég hefði ekki orðið íþróttakennari eins og pabbi gamli ef ég hefði ekki farið í hjúkrun.

Hvernig myndir þú lýsa þér í einni setningu?

Ég myndi nota veðurlýsingu: Mjög bjart á köflum, heiðskýrt og stillt en skjáð inn á milli með stöku skúrum.

